

Ársskýrsla foreldraráðs Sjálandsskóla
skólaárið 2005-2006
Kynnt á aðalfundi þann 19. september 2006

Stofnfundur foreldraráðs Sjálandsskóla var haldinn þann 11. október 2005. Á fundinum voru samþykktar starfsreglur foreldraráðsins sem undirbúningshópur foreldra og skólastjórnendur höfðu unnið að, eftir forskrift Heimilis og skóla. Þá fór á fundinum fram kosning í foreldraráðið fyrir skólaárið 2005-2006. Fjórir fulltrúar voru kosnir; Gísli Hólmar Jóhannesson, Kristín Magnúsdóttir, Þórey Þórðardóttir og Ragný Þóra Guðjohnsen.

Foreldraráð Sjálandsskóla starfaði á skólaárinu með skólaráði Sjálandsskóla en tilgangur þess fyrirkomulags er að tengja betur saman starfsfólk skólans og foreldra. Skólaráð skipa skólastjóri, foreldraráð, kennararáð og tveir fulltrúar starfsmanna. Fundir foreldraráðsins voru alls 7 á árinu og 3 þeirra með skólaráði.

Á fyrsta fundi foreldraráðs Sjálandsskóla sem haldinn var 31. október 2005 skiptu fulltrúar ráðsins með sér verkum þannig að Gísli Hólmar Jóhannesson var skipaður formaður, Kristín Magnúsdóttir varaformaður, Þórey S. Þórðardóttir ritari og Ragný Þóra Guðjohnsen varamaður. Ákveðið var að á aðalfundi árið 2006 myndi varafulltrúi koma inn sem aðalmaður og kosinn yrði nýr varafulltrúi sbr., starfsreglur ráðsins. Formaður tók að sér að taka þátt í starfi svæðaráðs foreldrafélaga og -ráða í Garðabæ. Foreldraráðið setti sér í upphafi árs verkáætlun og var málefnum skipt niður á fundi vetrarins.

Fyrsta verkefni vetrarins var að fara yfir drög að skólanámskrá Sjálandsskóla. Þá var almennt fjallað um starfsemi skólans og áherslur foreldraráðsins. Rætt var mikilvægi þess að vera með öflug rafræn samskipti skóla og foreldra. Einnig að fjölskyldum nemenda stæði til boða aðstoð og stuðningur ef með þyrfti, til að stuðla að þeirri hugsun að enginn standi einn og óstuddur.

Fjallað var um bókakost skólans og það að verið sé að byggja upp bókasafn. Sú ósk var lögð fram til foreldra að ef einhverjir vildu gefa bækur væri slíkt vel þegið.

Á öðrum fundi var fundað með skólaráði. Foreldraráði var kynnt áfallaáætlun, eineltisáætlun og rýmingaráætlun skólans og farið yfir skipurit hans. Þá voru rædd frekar drög að skólanámskrá sem foreldraráðinu höfðu verið kynnt. Fyrirkomulag á morgunhressingu var tekið fyrir og mikilvægi þess að nemendur kæmu með holla morgunhressingu, ávexti eða grænmeti en í undantekningatilfellum eitthvað aukalega þegar orkuþörf nemenda væri meiri. Samþætting skóla og tómsunda var tekin til umfjöllunar og þótti rétt að huga fyrst að samþættingu skóla og tónlistanáms. Hvað varðar heimavinnu og tengsl heimilis og skóla þótti brýnt að halda uppi öflugu upplýsingaflæði til foreldra ýmist með orðsendingum eða kynningum í skólanum. Þá kom fram hugmynd um að sendar yrðu skriflegar orðsendingar um stöðu nemanda í námi sínu, sérstaklega þegar ákveðnum áföngum/stigum væri náð. Þá var rætt að nýta mætti foreldraviðtöl betur til að móta einstaklingsmiðuð markmið nemenda í námi. Aðkoma foreldra að skólanum var rædd og sú almenna stefna skólans að foreldrar væru alltaf velkomnir í skólann og skipulagðar heimsóknir yrðu reglulega á árinu. Þó var rætt að um væri að ræða val í þessu sambandi svo ekki kæmi til þess að nemendur

og börn litu á slíkt sem skyldu eða kvöð þar sem sumir foreldrar hafa ekki tækifæri til slíkrar innkomu vegna starfa sinna.

Tekin var upp umræða um vettvangsferðir á vegum skólans og hvernig haga skuli kostnaði við þessar ferðir. Almennu voru aðilar sammála um að hóflega gjaldtaka væri í lagi en ákveðið var að fá viðhorf foreldra til þessa í viðhorfskönnun sem lögð yrði fyrir á síðari hluta haustannar.

Þá gerði skólastjóri foreldraráði grein fyrir tilraunaverkefni sem nefnist “heimaþing”. Þrír geðlæknar buðu Sjúlandsskóla fram krafta sína með það fyrir augum að funda með nemendum og starfsmönnum þar sem nemendur fá að tjá sig um ýmis mál í skólanum, koma með hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi, segja frá líðan í skólanum o.s.frv.

Foreldraráði var einnig gerð grein fyrir fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2006 en þar var gert ráð fyrir að nemendur yrðu u.þ.b. 150 á skólaárinu 2006-2007.

Einnig var rætt um stöðu á frágangi skólahúsnæðis og lóðar skólans. Lögð var megináhersla á að tryggt yrði umferðaröryggi barnanna.

Á þriðja fundi vetrarins var rætt um framboð á vegum skólans á félagsstarfi. Samstarf hefur verið nokkuð við tónlistarskóla og félagsstarf fer fram á vegum tómstundaheimilis. Ákveðið var að könnun færi fram á þátttöku barna í skipulögðu æskulýðs- og tómstundastarfi utan skóla eftir áramót, svo meta mætti áhuga og þörf á sérstöku félagsstarfi sem skólinn stæði að.

Þá var rætt um fyrirkomulag tómstundaheimils skólans og stöðu matarmála.

Skólastjóri gerði grein fyrir fyrirkomulag frímínútna og því kerfi að frímínútur væru annars vegar tuttugu mínútur að morgni og þá beri nemendum að fara út og hins vegar frímínútur í hádeginu þar sem nemendur hafi val um að vera inni eða úti. Rædd var ánægja með þetta fyrirkomulag.

Tekin var fyrir lengd skóladags í Sjúlandsskóla en skóladagur allra bekkjardeilda er jafn langur. Fyrirkomulag þetta þótti fela í sér mikið hagræði án þess þó að hafa áhrif á námsgæði barnanna og með þessu móti gætu til dæmis systkini á ólíkum aldri verið samferða heim eftir skóla.

Skólastjóri gerði grein fyrir niðurstöðum samræmdra prófa og að þær hefðu verið aðeins yfir meðaltali á landsvísi í íslensku en er undir meðaltali í stærðfræði. Almenn er talið að úrlausnir úr samræmdum prófum í fjórða bekk segi mest til um grunn hvers og eins barns en ekki mikið um skólastarf viðkomandi skóla. Það sem mestu skipti sé að bera saman niðurstöður úr fjórða bekk og niðurstöður í sjöunda bekk. Ekki þótti mögulegt að draga ályktanir um skólastarf í Sjúlandsskóla af niðurstöðum þessara prófa í ljósi þess að nemendur hafa verið svo stutt í skólanum.

Fulltrúar foreldraráðs funduðu með bæjarstjóra og fræðslufulltrúa bæjarins á haustönn og tjáðu þar meðal annars hug margra foreldra í Sjúlandsskóla um að Sjúlandsskóli yrði upp í 10. bekk. Fram kom hjá bæjarstjóra að æskilegt væri að fá hugmyndir og áætlanir um slíkt á árinu 2006.

Á fjórða fundi foreldraráðs var heimasíða Sjúlandsskóla til umræðu og fékk foreldraráðið aðstöðu í tölvuveri skólans. Fram kom ánægja með heimasíðu skólans þar sem hún er aðgengileg og einföld. Rætt var um að bæta inn tenglum fyrir foreldraráð og foreldrafélag þar sem setja mætti inn fundargerðir og fleiri upplýsingar varðandi foreldrastarfið. Þá þótti gott að bæta inn ýmsum upplýsingum eins og eineltisáætlun, upplýsingum um skólaheilsugæslu, tilhögun á samvinnu við tónlistarskóla og svo framvegis. Einnig kom fram að gott væri að vísa af heimasíðu

skólans á heimasíðu Garðabæjar þar sem foreldrar gætu fundið upplýsingar um hvert sé hægt að leita ef vandi steðjar að nemenda eða fjölskyldu hans á einhvern hátt. Í framhaldi af fundi foreldraráðs um vefsíðuna fundaði einn fulltrúi foreldraráðs með Kristínu Steinarsdóttur, umsjónarmanni vefsíðunnar og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni, þar sem fram komu framangreindar óskir um breytingar. Á fundinum var einnig rætt um hvernig reglur skólans séu ef nemandi sem ekki hefur tilkynnt forföll mætir ekki að morgni. Í ljós kom að skólinn hefur þá samband við foreldra barnsins og þótti það mikið öryggismál. Einnig var ítrekuð ósk um að tryggja betur öryggi barnanna við hringtorgið í innkeyrslu skólans. Formaður ráðsins sagði frá fundi svæðaráðs foreldrafélaga og -ráða í Garðabæ og sagði frá sameiginlegum fræðslufundi sem haldinn yrði um miðjan febrúar 2006 á vegum svæðaráðs í boði forvarnanefndar bæjarins. Formaður ræddi einnig heimsóknir foreldra í skólann þar sem þeir miðla af reynslu sinni á einhverju sviði. Í því skyni reið hann sjálfur á vaðið með efnafræðisýningu í lok janúar 2006 og mæltist þetta einkar vel fyrir hjá börnunum.

Á fimmta fundi foreldraráðs var fundað með skólaráði. Skólastjóri kynnti skýrslu sem hann tók saman um foreldrakönnun sem lögð var fyrir í byrjun desember 2005. Í heildina var mikil ánægja með skólann og þótti hann hafa farið vel af stað. Könnunin var mjög gagnleg að því leyti að hún dró fram þá þætti sem unnt var að bæta og í því sambandi var einkum rætt um að auka upplýsingflæði frá kennurum til heimila. Þegar var brugðist við þessari ósk foreldra og er núverandi kerfi til mikilla fyrirmynda fyrir skólann.

Rædd var tillaga grunnskólanna í Garðabæ um skóladagatal 2006-2007. Í framhaldi af henni sendi foreldraráð umsögn til skólastjóra og skólanefndar um dagatalið. Eina athugasemd ráðsins var að einungis væri kennsla fyrir börnin einn dag í fyrstu viku eftir áramót eða þann 5. janúar 2007 og töldu nokkrir að betra væri að skipulagsdagur yrði þann 2. og 3. janúar 2007 í stað 3. og 4. janúar 2007, svo hægt væri að kenna tvo daga í fyrstu viku ársins. Í ljós kom að skólastjóri hafði rætt flutning á skipulagsdögum í upphafi árs við hina skólana í Garðabæ sem voru því andvígir. Að öðru leyti ítrekaði foreldraráðið mikilvægi samræmds skóladagatals og lýsti yfir ánægju með framsetningu þess.

Á sjötta fundi foreldraráðs var farið nánar yfir kannanir sem gerðar höfðu verið sem hluti af sjálfsmati skólans. Auk þess að ræða aftur um viðhorfskönnun foreldra gerði skólastjóri grein fyrir því hvernig unnið væri að því að kanna hug nemenda til skólastarfsins. Lýsti hann því hvernig skólaþing væri notað í þessu skyni þar sem nemendur gerðu grein fyrir skoðunum sínum á heimaþingi og einnig hvernig nemendaráðsfundur (fulltúaþing) væru nýttir á þennan hátt. Á heimasíðu skólans er unnt að sjá hvað fram hefur farið á skólaþingi. Eins og fram kom fyrir í skýrslu þessari var Sjálandsskóli þátttakandi í tilraunaverkefni þar sem geðlæknar stýrðu heimaþingi með nemendum og starfsfólki skólans með það meðal annars að markmiði að kanna líðan nemenda. Á fyrstu fundum mun hafa komið fram það helsta sem jákvætt er í skólastarfinu en á síðari fundum urðu umræðurnar á þann veg að unnt var að sjá að sitthvað mátti betur fara þar sem nemendur urðu opnari um líðan sína og það sem þeir urðu áskynja að betur mátti fara í framferði við samnemendur. Skólastjóri lýsti fyrir foreldraráði hversu heimaþingið væri gagnlegt í því augnamiði að komast að raun um líðan nemenda og til að gera sér grein fyrir því hvar þörf væri fyrir að grípið sé inn í hegðun sem þykir óæskileg. Auk þess væri heimaþing gagnlegt til miðlunar um góð

og slæm samskipti og þar gefist tækifæri til að gefa skýr skilaboð um að óæskileg hegðun sé ekki látin viðgangast óáreitt í Sjúlandsskóla.

Á sjöunda fundi var rætt um skólanámskrá Sjúlandsskóla fyrir skólaárið 2006-2007 og að fyrir lægi hjá foreldraráði að skila inn umsögn um hana. Þar sem skólinn er ungur og enn í mótun lá ekki fyrir á vordögum formleg skólanámskrá fyrir skólaárið 2006-2007. Umsögn foreldraráðsins ber þess því nokkur merki að vera mat á fyrsta skólaári skólans fremur en að fjalla um annað skólaárið og námskrá þess. Umsögn foreldraráðsins má finna á heimasíðu skólans undir liðnum foreldraráð og verður því ekki fjallað um hana nánar hér.

Að lokum vill foreldraráðið fyrir hönd allra foreldra þakka afar gott og ánægjulegt samstarf við skólann. Helgi skólastjóri hefur alltaf verið boðinn og búinn að funda með okkur og hlusta á óskir og tillögur foreldra. Þá hefur samstarfið við aðra starfsmenn skólans í skólaráði verið afar gagnlegt og til mikillar fyrirmyndar af hálfu skólans. Fyrir þetta erum við afar þakklát enda er gott samstarf foreldra og skóla lykilinn að árangursríku skólastarfi. Einnig viljum við þakka Kristínu Steinarsdóttur góða aðstoð í vetur við að setja efni á vefinn og Soffu skólaritara þökkum við góða aðstoð við auglýsingar fyrir foreldrastarfið.

F.h. foreldraráðs
19. september 2006.

Kristín Magnúsdóttir

Þórey Þórðardóttir

Ragný Þóra Guðjohnsen